

## Skýrsla formanns Fuglaverndarfélags Íslands fyrir árið 2005

Lögð fram á aðalfundi 18. apríl 2006

### STJÓRN, AÐSETUR, FÉLAGAR

Á **aðalfundi** 20. apríl var þessi stjórnin endurkjörin: Jóhann Óli Hilmarsson formaður, aðrir í stjórn Einar Ó. Þorleifsson (varaformaður), Ólafur Karl Nielsen (ritari), Daníel Bergmann (gjaldkeri), Björk Guðjónsdóttir (meðstj.), Jón Hallur Jóhannsson (meðstj.) og Jón S. Ólafsson (meðstj.). Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu.

Félagið leigði **skrifstofu** og aðstöðu af Landvernd að Ránargötu 18, í húsi Skógræktarfélags Íslands. Skrifstofan flutti um vorið að Skúlatúni 6.

**Félagar** töldust vera rétt um 570 í árslok. Félagsgjald var ákveðið kr. 2200 fyrir einstakling, kr. 1700 fyrir unglunga og eldri borgara og kr. 2800 fyrir fjölskyldur.

Stjórn Austurlandsdeildar skipuðu Halldór Walter Stefánsson, formaður Berglind Steina Ingvarsdóttir og Vigfús Hjörtur Jónsson.

### FRÆÐSLA

Tveir **fræðslufundir** voru haldnir á árinu:

3. mars hélt Gísli Már Gíslason erindi um **Mývatn** og Magnús Magnússon sýndi kvikmynd sína um vatnið.

7. apríl hélt Ævar Petersen erindi um varphætti **hrossagauksins** í Flatey.

Fjórum sinnum var blásið til **vettvangsfræðslu eða fuglaskoðunar** á árinu:

- Helgina 21.-22. janúar stóð Fuglavernd fyrir Garðfuglaskoðun.
- Árleg fuglaskoðunarferð Fuglaverndarfélagsins og Ferðafélagsins var 13. maí.
- Fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa var haldin 16. júní. Þátttakendur voru um 30.
- Evrópskir fugladagar voru haldnir 2. og 3. okt..

**Garðfuglakönnun** hélt sínu striki, en hún fór af stað haustið 1994. Haustið 2005 var því 12. haustið sem þessi skemmtilega könnun fer af stað. Þátttaka var með svipuðu móti, um 20 félagar sendu inn athuganir sínar.

Í **Friðlandið í Flóa** var göngustígur afmarkaður eins og undanfarin ár. JÓH fór í nokkrar ferðir með hópa um svæðið og hin árlega ferð var 16. júní. Brýrnar, sem smíðaðar höfðu verið sumarið áður, voru settar niður í apríl. Félagar í Björgunarfélagi Eyrarbakka og Fuglavernd unnu að því verki. Brýrnar þóttu hinar

ágætustu og auðvelduðu allan umgang um friðalandið. Pokasjóður verslunarinnar styrkir friðlandið.

#### ARNARTALNING

**Arnarvarp** gekk vel og sáu Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Finnur Logi Jóhannsson um arnargæslu og arnarflug. Arnarstofninn 2005 reyndist vera 65 pör og komust 35 ungar á legg

#### ÖNNUR VÖKTUN

Fuglavernd stóð að **þórshanakönnun** og er það í þriðja sinn sem fylgst er með vexti og viðgangi þórshanastofnsins. Verkið er unnið í samráði við Náttúrufræðistofnun og Yann Kolbeinsson og með fulltingi Umhverfisstofnunarinnar.

**Fuglar voru taldir** á Vífilsstaðavatni og Urriðavatni fyrir **Garðabæ**, einnig voru varpfuglar kannaðir við vötnin.

Annað árið af þremur í **vöktun á fuglalífi Ástjarnar**, fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Félagið átti fulltrúa í **nefnd um endurheimt votlendis**. Fulltrúi félagsins var Einar Ó. Þorleifsson. Svo og í **rjúpnanevnd**. Fulltrúi þar var Ólafur Einarsson. Rjúpnanevnd var lögð niður á árinu.

#### ÚTGÁFA

Annað tölublað **Fugla** kom út um vorið. Ritstjóri var Daníel Bergmann.

Bæklingur um **garðfugla** og nýr bæklingur til að afla félaga komu út í lok árs.

Tvö **jóla- og tækifæriskort** komu út um haustið.

#### SAMSTARF VIÐ ÖNNUR FÉLÖG OG SAMTÖK

Félagið tók þátt í **Degi umhverfisins** í apríl, ásamt frjálsum félagasamtökum.

Samstarfið við **RSPB** Skotlandi hélt áfram gegnum tengiliðinn Lloyd Austin. Trevor Gunton heimsótti félagið, hann var tengiliður við RSPB í formannstíð Árna Waag.

Samstarfið við **BirdLife International** var sem fyrr talsvert.

#### KÆRA VEGNA BROTS Á BERNARSAMNINGNUM

Áfram var unnið að málum, tengdum kærinni, þau voru að mestu á herðum Einars Ó. Þorleifssonar. M.a. var fundað með starfmönnum umhverfisstofnunarinnar.

## SAMSTARF VIÐ UMHERFISRÁÐUNEYTIÐ

Nokkrir fundir voru haldnir með ráðherra og/eða starfmönnum ráðuneytisins á árinu, bæði að frumkvæði félagsins (um friðun blesgæsa, Bernarmál) og svo sem hluti af samstarfssamningi ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka. Einnig var fundað um rjúpnamál. Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar.

## AÐRAR ATHUGSEMDIR OG KÆRUR

Í febrúar gerði félagið Athugasemdir vegna breytinga á „**villidýralögum**“.

Í apríl gerði Fuglavernd athugasemdir vegna fyrirhugaðrar vegagerðar á **Melrakkasléttu**, svonefnds Norðausturvegar um Hólaheiði.

Fuglavernd gerði athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum vegar í **Reykhólasveit** og vegarstæði í **Mýrdal**, skv. aðalskipulagi.

Áskorun var send fulltrúum eigenda og stjórn Hitaveitu Suðurnesja um að leggja **línu við Sýrfell** á Reykjanesi í jörðu.

Stokkseyri 18. apríl 2005  
Jóhann Óli Hilmarsson